



FRÉTTATILKYNNING
FRÁ
SKRIFSTOFU FORSETA ÍSLANDS

FORSETI ÍSLANDS HEIÐURSGESTUR Á HÁTÍÐARSAMKOMU EXPLORERS CLUB Í NEW YORK

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff forsetafrú verða á morgun, laugardaginn 19. mars 2005, heiðursgestir í árlegum hátíðarkvöldverði The Explorers Club í New York en forseti Íslands verður jafnframt aðalræðumaður kvöldsins.

Forseti Íslands er fyrsti erlendi þjóðhöfðinginn sem er heiðursgestur á þessum vettvangi en áður hafa tveir forsetar Bandaríkjanna gegnt því hlutverki. Hátíðarkvöldverðurinn er haldinn á Waldorf-Astoria hótelinu og munu ríflega 1300 gestir sækja hann.

Aðrir ræðumenn á hátíðarkvöldverðinum eru Steve Fosset sem nýverið afrekaði að fljúga fyrstur manna umhverfis jörðina án millilendinga og dr. James D. Watson Nóbelsverðlaunahafi, annar tveggja vísindamanna sem uppgötvuðu byggingu DNA-erfðaefnisins.

Explorers Club er þekkt stofnun en í honum er fjölmargt afreksfólk frá Bandaríkjunum og öðrum ríkjum heims á sviði könnunar í lofti, á láði og í legi sem og í geimferðum. Vestur-Íslendingurinn og landkönnuðurinn Vilhjálmur Stefánsson var meðal fyrstu forseta stofnunarinnar sem nú er rúmlega 100 ára gömul.

Aðalréttur á matseðli hátíðarkvöldverðarins á morgun verður íslenskt lambakjöt. Það er gert í samvinnu forsetaembættisins og útflutningsátaks Bændasamtakanna á íslensku lambakjöti og landbúnaðarafurðum í Bandaríkjunum. Matreiðslumeistarin Siggí Hall mun leggja matreiðslumönnum Waldorf-Astoria lið á morgun. Þá verður gestum kvöldverðarins sýnd stutt kynningarmynd um Ísland eftir Valdimar Leifsson og Ara Trausta Guðmundsson.

Þann 14. mars síðastliðinn var Íslandsdeild Explorers Club stofnuð á Bessastöðum. Stofnfélagar eru 20 Íslendingar sem tengjast fjölbreyttri

vísindastarfsemi eða unnið hafa margvísleg afrek, m.a. í leiðöngrum til Suður- og Norðurheimsskauta, fjallgöngum og siglingum. Í stjórn Íslandsdeildarinnar eru Haraldur Örn Ólafsson, Ari Trausti Guðmundsson, Rannveig Rist, dr. Sturla Friðriksson og Unnur Þóra Jökulsdóttir.

Explorers Club var stofnaður í New York árið 1904 og er hátíðarkvöldverðurinn haldinn til að styrkja margvísleg málefni og vísindalegar rannsóknir um allan heim. Hátíðarkvöldverður Explorers Club er elsti árlegi kvöldverðurinn af þessu tagi sem haldinn er í New York.

Frekari upplýsingar um ferð forsetahjóna til Bandaríkjanna veita Stefán Lárus Stefánsson forsetaritari (894-1369), Örnólfur Thorsson skrifstofustjóri (896-3028) og skrifstofa forseta Íslands (540-4400).

18. mars 2005